

Ed.

248. Nefndarálit

um frv. til laga um veðurathuganastöð í Reykjavík.

Frá mentamálanefnd.

Undirrituð mentamálanefnd efri deildar, sem hv. deild fal mál þetta til athugunar, hefir eftir föngum leitast við að kynna sjer helstu atriði, er að því lúta.

Nefndin viðurkennir, að til nytsemdar á ýmsan hátt mundi horfa að koma upp veðurathuganastöð í Reykjavík, eins og frumvarpið fer fram á, og telur eðlilegt og sjálfsagt, að það verði gert þegar nægileg skilyrði eru fyrir hendi, en það ætlum vjer tæpast vera að svo stöddu. Teljum vjer, að aðalgagn það, sem af henni á að verða, og um leið aðalástæða til að hraða því að lögleiða stofnunina nú þegar, mundi ekki geta komið í ljós, fyr en eftir langan tíma, er komnar væru á athuganastöðvar víðs vegar um land og merkjastöðvar, sem alt þarf undirbúning og hlýtur að kosta ærið fje. Hins vegar eru engar áætlanir fyrir hendi um þetta, sem nauðsynlega þyrfti að vera, áður en ráðist er í stofnunina, og getum vjer ekki heldur, að því er kostnað allan snertir, gert oss neina ábyggilega grein fyrir, hver hann mundi verða, en ætlum, að hann hljóti að verða meiri en vakað hefir enn fyrir í meðferð málsins á þingi.

Þar sem vjer þannig teljum, að mál þetta þurfi meiri undirbúning en við verður komið að hafa á þessu þingi, og eðlilegast er að stjórnin á sínum tíma annist, og þar sem fjárhagur landsins sem stendur krefur, að höfð sje öll varasemi og ekki hraðað fjárútlátum, sem annaðhvort þola bið eða geta ekki í næstu framtíð komið að tilætluðum notum, þá hefir oss sýnst rjettast að ráða hv. deild til að fresta þessu máli og afgreiða það með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRA.

Með því að deildin telur, að veðurathuganastöð í Reykjavík þurfi meiri undirbúning og áætlanir um kostnað og annað heldur en nú eru fyrir hendi, og eðlilegast er, að landsstjórnin á sínum tíma annist þann undirbúning, þá tekur hún fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 29. maí 1918.

Eggert Pálsson,
form.

Kristinn Danielsson,
framsögum.

Guðm. Ólafsson.